

# HAFNASAMBAND SVEITARFÉLAGA

*Alþingi*

*Erindi nr. Þ 131/1683*

*komudagur 27.4.2005*

Alþingi samgöngunefnd  
b.t. Stefáns Árna Auðólfssonar

Reykjavík 27. apríl 2005

Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

0504011HA BLB

Tilv.:613

## Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu


Eftirfarandi umsögn var gerð um þingsályktunartillögu um samgönguáætlun 2005-2008, en ekki var fjallað um málið á stjórnarfundum hafnasambandsins:

"Hafnasamband sveitarfélaga hefur fengið afar skamman tíma til að kynna sér efni samgönguáætlunar fyrir árin 2005 - 2008 og ber umsögnin þess merki. Telur stjórn hafnasambandsins nauðsynlegt í samræmi við fyrri ályktanir að nauðsynlegt sé að beita öðrum aðferðum við vinnslu áætlunarinnar þannig að unnt verði að setja fram fyrr rökstudd sjónarmið varðandi áætlun sem þessa. Hafnasamband sveitarfélaga gerir ekki aðra athugasemd við framlagða áætlun en þá sem fram kemur í bókun fulltrúa hafnasambandsins í hafnarráði, um að framlag til hafna eigi að vera í samræmi við gildandi samgönguáætlun 2005 og 2006. Framlög áætlun gerir ráð fyrir um 400 mkr. lægri framlögum en gildandi áætlun gerir ráð fyrir og telur Hafnasamband sveitarfélaga það óeðlilegt."

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt

HAFNASAMBAND SVEITARFÉLAGA



Birgir L. Blöndal